



Skýrsla framkvæmdastjóra *ÆSKP* Starfsárið 2022

JANÚARNÁMSKEIÐ

ÆSKP stóð fyrir Janúarnámskeiði fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi 13. janúar og fór námskeiðið að þessu sinni fram í gegnum vefforritið Zoom. Þátttaka var mjög góð og nutu 30 æskulýðsleiðtogar, djáknar og prestar þess að eiga þessa kvöldstund saman.

Námskeiðið hófst á fyrirlestri sr. Guðrúnar Karls Helgudóttur um hugleiðingargerð, svo tóku þær María og Ingileif hjá Hinseginleikanum við og fjölluðu um það að vera hinsegin unglingur. Beggi Ólafs sló svo loka punktinn í námskeiði og fjallaði um Tíu skref – í átt að innihaldsríku lífi. Það er áskorun að halda viðburði sem þennan á netinu en fyrirlesarar höfðu greinilega lagt metnað sinn í undirbúning og þátttakendur voru virkir í fyrirspurnum og þátttöku.

ERLENT SAMSTARF

ÆSKP er aðili að European fellowship of Christian youth, EF. Þrátt að vonir hefðu staðið til þess að árið 2021 yrði nokkuð hefðbundið þá var það því miður ekki svoleiðis. Fyrsti viðburðurinn sem var á dagskrá BE1 Ecumenical Course, sem fram átti að fara í Bretlandi var aflýst.

Aðalfundur European Fellowship árið 2021 fór fram á netinu 20. febrúar. Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður þrátt fyrir að fundurinn færi fram á netinu. Þátttakendur

voru þó á einu máli um að mun betra sé að hittast í eigin persónu. Fulltrúar Íslands voru Jónína Sif, Berglind, Anna Lilja og Aldís Kvaran.

Því fylgja alltaf áskoranir að standa að alþjóðlegu ungmennastarfi og mikilvægt að stilla saman strengi og það er vissulega auðveldara í eigin persónu en á netinu. Hinsvegar var hægt að klára þau hefðbundnu aðalfundarstörf með þokkalegum sóma og því ber að fagna.

Umræður fundarins snérust að sjálfsögðu mikið um Covid og það ástand sem faraldurinn hefur skapað innan félagasamtakanna sem eiga aðild að European fellowship. Við fundum það glögggt í þessu ástandi hversu gott það er að geta leitað til annara félaga sem vinna á sama grunni eftir hugmyndum og lausnum þegar aðstæður breytast og heimsfaraldur geisar. En stjórn EF var dugleg að kalla saman starfsmenn samtakanna á vefundi þar sem við fórum yfir málin og deildum reynslu okkar. Það má því segja að samband aðildarfélaganna hafi að mörgu leyti orðið sterkara í þessu árferði.

Easter Course fór fram dagana 26. - 28. mars á netinu. Yfirskriftin var Rethink og voru alls 16 þátttakendur, þar af 3 frá Íslandi auk þess sem við áttum fulltrúa í skipulagshóp viðburðarins. Fjöldinn hentaði vel fyrir netviðburð og voru Íslensku þátttakendurnir mjög ánægðir með framkvæmdina. Þá er ljóst að flestir eru orðnir svo sjóaðir í rafrænum samskiptum að þeir gátu virkilega nýtt þennan viðburð til að kynna og upplifa þá tilfinningu að þeir væru að eiga samfélag saman.

Til stóð að halda auka fund í september 2021 en sá fundur átti upphaflega að fara fram í september 2020. Hinsvegar var ákveðið að fresta fundinum fram yfir næsta aðalfund.

Danska aðildarfélagið FDF bauð aðildarfélögum EF að taka þátt í viðburðinum Berlin City Challenge 2021 helgina 5 - 7. nóvember. Engir þátttakendur fóru frá Íslandi að þessu sinni, en það var gleðilegt að sjá alþjóðlegan viðburð á borð við þennan vera haldinn.

European Fellowship ásamt öðrum svipuðum ungmenna samtökum átti veg og vanda af því að boðið var til fundar undir heitinu *Interfaith Youth Convention on the European Green Deal* en þar komu hátt í 100 ungmenni saman frá ýmsum trúarsamtökum, deildum og samkirkjulega samtökum.

Þátttakendur fengu tækifæri til að deila skoðunum sínum á loftlagsmálum með öðru ungu fólki og koma ábendingum sínum beint á framfæri við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, með það að markmiðið að hafa áhrif á tillögur ESB á COP26 – United Nations Climate Change Conference sem fram fór 1. – 12. nóvember sl.

Viðburður sem þessi minnir á styrkinn sem felst í því að tilheyra alþjóðlegum og þvertrúarlegum grasrótarsamtökum og þeim auð sem býr í ungu fólki.

Eitt af markmiðum ÆSKÞ er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnst ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögin okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem við getum haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum. Þá er að finna á heimasíðunni okkar, undir flípanum „Erlend samstarf“ upplýsingar um komandi viðburði, námskeið og æskulýðsmót.

VAKTU MEÐ KRISTI

ÆSKÞ stefndi að því að bjóða til viðburðarins Vaktu með Kristi um páskana. Hinsvegar kom ástandið fyrir að af því yrði að þessu sinni.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Kirkjuþing unga fólksins (KUF) fór fram dagana 14. – 15. maí og var mikil gleði að geta haldið þingið en það féll niður árið 2020 samkomutakmarkana. Þingið í ár var það 15 í röðinni. Mikil vinna og metnaður liggur jafnan að baki KUF enda er það ofboðslega mikilvægur vettvangur ungs fólks í kirkjunni. Þá hefur það löngum sannað sig að hugmyndir og mál frá Kirkjuþingi unga fólksins setja mark sitt á þjóðkirkjuna og því ber svo sannarlega að fanga.

Skipulag KUF er með þeim hætti að hvert prófastsdæmi á tvo fulltrúa sem sitja þingið og á hver fulltrúi sæti tvö ár í senn. Það er mikilvægt að prófastsdæmin nýti sætin sín og velji fulltrúa sem brenna fyrir málefnum ungs fólks innan kirkjunnar.

GLEÐIGANGAN

Lengi vel leit út fyrir að Gleðigangan fengi að fara fram og skipulagði ÆSKP atriði sitt í takt við það. Hinsvegar hófst hin svo kallaða fjórða bylgja stuttu áður en til viðburðarins kom og því varð ekkert úr göngunni að þessu sinni. Það er þó ekki síður mikilvægt að stand vörð um málefni og mannréttindi Hinsegin fólks nú, þar sem víða í heiminum hefur orðið ákveðið bakslag þegar kemur að réttindum þeirra. Þátttaka í Gleðigöngunni er mikilvægur þáttur í starfi ÆSKP og við hlökkum til að vera með að ári.

LANDSMÓT ÆSKP

Landsmót ÆSKP hafði verið skipulagt á 15. - 17. okt. á Sauðárkróki. Mikill undirbúningur hafði átt sér stað enda annað árið í röð þar sem stefnt er að móti á Króknum. Vorum við lengi vel bjartsýn á að við gætum haldið mótið, þrátt fyrir fjórðu bylgjuna sem skall á í lok sumars. Hinsvegar eftir því sem leið á haustið varð ljóst að við gætum ekki haldið mótið innan þeirra samkomutakmarkana sem voru í gildi. Átti framkvæmdastjóri ÆSKP mikið og gott samtal við Almannaþingir og heilbrigðisráðuneytið um mögulegar útfærslu en loka niðurstaðan var sú að mótið gæti ekki farið fram með hefðbundnu sniði enda væri það óábyrgt á tímum sem þessum að hópa saman unglíngum úr flestum héröðum landsins. Höfðu viðbragðsaðilar áhyggjur af þeim miklu afleiðingum sem það gæti t.d. haft fyrir skólustarf í landinu ef upp kæmi smit á mótinu.

Þá var gott að geta byggt að þekkingu síðasta árs og tók stjórn ÆSKP ákvörðun um að boða til fjarmóts annað árið í röð. Mótið var skipulagt með svipuðum hætti, en þó var nú gert ráð fyrir að þátttakendur væru saman komnir í sinni heimakirkju.

Fjarmót ÆSKP var haldið 16. október 2021 í stað hefðbundins landsmóts. Skipulag mótsins var í höndum Kristján Ágúst Kjartanssonar auk stjórnar. Útsending hófst seinni part dags með ávarpi frú Agnesar M. Sigurðardóttur biskups. Bænastund í upphafi móts var í umsjón sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur. Því næst hófst æsispennandi Escaproom leikur sem æskulýðssfélagar spreyttu sig á fram að kvöldmat. Eftir kvöldmatarhlé var kvöldvaka og spurningakeppni. Því næst fengum við fjaratriði frá uppistandshópnum VHS. Að lokum

helgistund í umsjón Þorvaldar Víðisonar. Mótið tókst með eindæmum vel og þökkum við Kristjáni mótstjóra fyrir mikla útsjónarsemi og framúrskarandi skipulag.

LEIÐTOGASKÓLINN

Leiðtogaskólinn hefur um árabil verið fastur liður í leiðtoga þjálfun kirkjunnar og hefur fyrir löngu sannað sig sem mikilvægur þáttur í nýliðun og eflingu æskulýðsstarfs. Leiðtogaskólinn er metnaðarfullt verkefni sem byggist upp á tíu samverum á ári í tvö ár, þar sem þátttakendur læra að bera ábyrgð á æskulýðsstarfi, hvernig bregðast skuli við aðstæðum sem upp geta komið og margt fleira.

Núverandi starfsár hefur leiðtogaskólanum verið frestað fram á vorönn vegna Covid. Eva Björk Valdimarsdóttir og Kristján Ágúst Kjartansson hafa umsjón með leiðtogaskólanum og stefnt er að skólinn hefjist í lok febrúar og kennt verði um helgar.

Leiðtogaskólinn hefur verið starfræktur í Reykjavík fyrir ungleiðtoga í samstarfi við ÆSKR, Kjalarnessprófastsdæmi og Biskupsstofu og á austurlandi og norðurlandi í samstarfi við ÆSKA, ÆSKEY og Biskupsstofu.

AFLEYSING FRAMKVÆMDARSTJÓRA

Þá ber að geta þess að Jónína Sif framkvæmdastjóri ÆSKÞ fór í fæðingar orlof í október. Var staða framkvæmdastjóra auglýst og fékk Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, fyrrum formaður ÆSKÞ starfið. Hefur hún verið ráðin til 1. nóvember 2022.

FYRSTU SKREF NÝS FRAMKVÆMDASTJÓRA

Fyrstu skref nýs framkvæmdastjóra fólust í að setja sig inn í nýtt starf, við að sér upplýsingum og þekkingu á heimasíðunni og tölvupóstforriti í bland við önnur verkefni t.d. erlent samstarf. Því næst aðstoð við undirbúning fjarmóts 16. október. Kristján Ágúst og landsmótsnefnd höfðu undirbúið mótið vel og gekk því allt eins og smurð vél. Útsending mótsins fór fram frá Grensáskirkju og var öll aðstaða og umgjörð til fyrirmyndar. Mæting var með besta móti miðað við aðstæður en nú glittir í bjartari tíma og þess að vænta að haldið verði landsmót á Akranesi í haust.

HAUSTNÁMSKEIÐ

ÆSKP og ÆSKR héldu haustnámskeið fyrir leiðtoga þann 6. október í Neskirkju. Einnig var hægt að taka þátt í gegnum Zoom enda mikilvægt verandi landssamband að gefa starfsfólki víðs vegar um landið tækifæri til að taka þátt án þess að þurfa að ferðast langar vegalengdir..

Í ár var boðið upp á skyndihjálparnámskeiðið á vegum rauða krossins. Námskeiðið tók 4 klukkustundir og var meðal annars fjallað um: Fjögur skref skyndihjálpar, grunnendurlífgun, sjálfvirkt hjartastuð, aðskotahlutur í öndunarvegi, skyndihjálpar og áverkar t.d: innvortis- og útvortis blæðingar og skyndihjálpar og bráð veikindi t.d. brjóstverkur, bráðaofnæmi, flog ofl.

Þá var einnig farið í hvernig veita eigi sálrænan stuðning í neyðartilfellum. Það skiptir miklu máli að allir starfsmenn í barna og unglíngastarfi sækji á tveggja ára fresti námskeið í skyndihjálpar til að tryggja megi sem best öryggi þeirra barna og unglíngs sem sækja starf á okkar vegum.

Þátttakendur á námskeiðinu fengu skírteini um að hafa lokið því sem gildir í tvö ár.

Þó að mæting hafi verið með ágætum mætti endurskoða tímasetninga þar sem námskeiðið tekur talsverðan tíma. Það mætti því gjarnan hugleiða hvort námskeiðið færi betur um helgi.

SAMRÁÐSFUNDIR BISKUPSSTOFU OG ÆSKP

Framkvæmdastjóri sem og formaður ÆSKP voru boðaðir á fund á Biskupsstofu þann 27. október, markmið fundar aukið samtal og samstarf á milli biskupsstofu og ÆSKP. Hvatt var til aukins sýnileika ÆSKP og æskulýðsstarfs. Einnig kom upp sú hugmynd að framkvæmdastjóri ÆSKP tæki að sér að vera fulltrúi Þjóðkirkjunnar *Náum áttum* og *Saman* hópnum. Sú hugmynd var borin upp á stjórnarfundum ÆSKP sem tók vel í þá hugmynd að framkvæmdastjóri sinnti þeim verkefnum. Þegar þetta er skrifað hafa samráðsfundirnir verið þrjú talsins. Fulltrúar Biskupsstofu eru Magnea Sverrisdóttir, verkefnastjóri og Ragnhildur Ásgeirsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri.

ÆSKULÝÐSFÉLAG MÁNAÐARINS

Vegna hvatningar um aukinn sýnileika ÆSKP kom upp sú hugmynd að vera með nýjan dagskrárlið á heimasíðu sambandsins „æskulýðsfélag mánaðarins“ Nú þegar hafa fjögur æskulýðsfélög samþykkt þátttöku og mun kynningin skiptast jafnt á milli landsbyggðar

og höfuðborgarsvæðis. Gísli Stefánsson æskulýðsfulltrúi í Landakirkju í Vestmannaeyjum sá um, í samstarfi við sitt fólk í eyjum, um fyrstu kynningu. Hér gefst okkur tækifæri til að fá innsýn í starfið um allt land. Einnig komu upp hugmyndir að nýta samfélagsmiðla sambandsins enn frekar þ.e. Facebook og Instagram. Þegar starfið er komið í sinn eðlilega takt væri áhugavert að fá æskulýðsfulltrúa til að vera með „take over“ á Instagram.

STARFSFÓLK Í ÆSKULÝÐSSTARFI

Þar sem enginn listi yfir starfsfólk í æskulýðsstarfi á Íslandi liggur fyrir var sendur út tölvupóstur á netfangalista presta og kallað eftir upplýsingum um hverjir það eru sem sinna æskulýðsstarfi í viðkomandi sóknunum. Nokkuð dræmar heimtur voru á þessum upplýsingum en þakkir til þeirra sem svöruðu. Upplýsingar á heimasíðum sókna um starfsfólk í æskulýðsstarfi er ábótavant. Það er augljóst að símtal þarf til þess að taka þennan lista saman. Listi þessi er gríðarlega mikilvægur til þess að halda utan um þennan hóp og koma á sterkari tengslum. Í tengslum við þetta kom upp sú hugmynd í samtali við formann að formaður og framkvæmdastjóri færu í heimsókn um landið til að efla æskulýðsstarf.

JANÚARNÁMSKEIÐ

Undirbúningur fyrir janúarnámskeið hófst að fullum krafti í nóvember. Leitað var eftir tilboðum í gistingu í Skálholti, B59 í Borgarnesi og Hótel Örk Hveragerði. Stjórn leist best á tilboð Hótel Arkar og miðaðist undirbúningur við þá staðsetningu. Til stóð að halda námskeiðið 7. – 8. janúar með árshátíð á föstudeginum með dýrindis kvöldmat og kvöldvöku. Á laugardeginum stóð til að vera með ÆSKÞ vinnustofu fyrir hádegi, leiklistarkennslu í umsjón Laufeyjar Brár Jónsdóttur leikkonu og guðfræðings og hvatningarfyristur í umsjón Matta Ósvald eftir hádegi. Í lok desember byrjun janúar var augljóst að ekki yrði af janúarnámskeiði á tilsettum tíma vegna heimsfaraldurs og var námskeiðinu því frestað. Uppi eru hugmyndir um að finna námskeiðinu nýja dagsetningu jafnvel í haust til að starta öllu starfinu með trompi eftir krefjandi tíma. Hlúa þarf vel að leiðtogum í æskulýðsstarfi þar sem margir hverjir þeirra hafa verið án atvinnu á vegum kirkjunnar síðustu tvö ár.

NÁUM ÁTTUM

Náum áttum er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur morgunverðarfundir um ýmis mál er varða forvarnir og velferð barna og ungmenna. Hópin myndu fulltrúar nokkurra stofnanna

og félagasamtaka sem vinna að forvörnum, velferð, vernd og mannréttindum barna. Morgunverðarfundirnir eru kynntir og auglýstir með útsendingu á póstlista, á vefsíðu og Facebook síðu Náum áttum.

Fyrsti undirbúningsfundur á nýju ári fór fram 10. janúar síðastliðinn. Farið var yfir þema næstu funda en efni næsta opins fundar verða Farsældarlögin. Halldóra Gunnarsdóttir frá ráðuneytinu mun kynna farsældarlögin og þær breytingar sem þau hafa í för með sér. Hákon Sigursteinsson frá Reykjavíkurborg fjallar um stjórnsýslubreytingar borgarinnar og hvernig þær eiga að auðvelda fyrir innleiðingunni sjálfri. Heiða Ösp Kristjánsdóttir deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar flytur erindið „Innleiðing farsældarlaganna á fjölskyldusviði Árborgar“.

Virðingarfyllst,

Jónína Sif Eypórsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Framkvæmdastýrur ÆSKP